

Happdrætti Háskóla Íslands

Ársreikningur 2021

Happdrætti Háskóla Íslands
Kennitala 600169-3009
Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Áritun óháðs endurkoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Happraðttis Háskóla Íslands (HHÍ) er móðurfélagsársreikningur HHÍ. Samhliða ársreikningi félagsins er lagður fram samstæðuársreikningur HHÍ og dótturfélagsins Húseignin Steindórsprent ehf.

Meginstarfsemi félagsins

HHÍ hefur starfað í hátt nær 90ár og hefur allan þann tíma notið velvildar þjóðarinnar. Skilgreint hlutverk HHÍ er að veita fólki upplifun og afþreyingu sem felur í sér von um fjárhagslegan vinning. HHÍ gerir það með ábyrgum hætti í sátt við samfélagið í þeim tilgangi að styðja við uppbyggingu Háskóla Íslands. Í því skyni rekur HHÍ flokkahappraðtti, skjávélahappraðtti undir heitinu Gullnámán og skafmiðahappraðtti undir heitinu Happaþrennan.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrareikningi námu hreinar happraðttistekjur félagsins 2.714 milljónum króna á árinu samanborið við 2.144 milljónir króna árið áður. Hagnaður ársins var 1.407 milljónir króna og hefur hækkað um 381 milljónir milli ára. Heildareignir í árslok nema 5.296 milljónum króna og eigið fé nemur 3.498 milljónum króna.

Frá því að Covid-19 faraldurinn hófst hefur áhrifa hans gætt í rekstri HHÍ þó sérstaklega á rekstur Gullnámunnar. Allir staðir í Gullnámunni voru lokaðir í Covid19-faraldrinum eftirfarandi tímabil: 24. mars til 24. maí 2020, samfleytt frá 5. október 2020 til 8. febrúar 2021, 25. mars til 15. apríl 2021 og 15. til 28. janúar 2022. Þess á milli voru að mestu, aðeins hluti véla opnir eftir því hvort eins metra eða tveggja metra reglan var í gildi. Lokanir og hvers kyns takmarkanir hafa veruleg áhrif á uppsafnaða rekstrarafkomu HHÍ.

HHÍ hefur lagt ríka áherslu á ábyrga spilun og hefur meðal annars innleitt staðal samtaka evrópsku happraðttisfyrirtækja um ábyrga spilun. Breytingar og áskoranir í ytra umhverfinu leiddi til þróunar á smáforriti (app) sem fékk heitið Happrað og verður innleitt í áföngum á árinu 2022-2023. Happrað styður við aukna skilvirni í rekstri, eykur öryggi viðskiptavina, býður upp á rafrænt spilakort til stuðnings þeim sem eiga við spilavanda að etja og þjónar kröfum eftirlitsaðila þar sem boðið er upp á varnir gegn peningabætti. Með rafrænu spilakorti gefst þátttakendum kostur á að setja sér mörk og stýra þátttöku sinni í Gullnámunni eða útiloka sig frá spilun. Dómsmálaráðherra skipaði starfshóp á árinu sem hefur það hlutverk að kanna mögulegar réttarbætur á sviði happraðttismála. Niðurstöður hópsins liggja enn ekki fyrir. Hvers kyns takmarkanir á starfsemi Gullnámunnar og mögulegar breytingar á umgjörð happraðttismarkaðarins geta haft veruleg áhrif á tekjuöflun og afkomu HHÍ.

Stjórn happraðttisins samanstendur af tveimur konum (67%) og einum karli (33%) og er óbreytt milli ára. Fjöldi ársverka var 16 (2020:18).

Það er álit stjórnar og forstjóra Happraðttis Háskóla Íslands að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu happraðttisins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Hagnaði Happraðttis Háskóla Íslands er ráðstafað til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands, viðhalda þeim og til tækjakaupa. Jafnframt greiðir HHÍ árlegt leyfisgjald í Ríkissjóð, 150 milljónar króna, sem rennur til innviðarsjóðs Rannís. Á árinu var ráðstafað 940 milljónum króna til Háskóla Íslands samanborið við 950 milljónum króna árið áður.

Eignaraðild


Happraðtti Háskóla Íslands er í eigu Háskóla Íslands.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar

Að bestu vitneskju stjórnar er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög um ársreikninga og gefur hann glögga mynd af einum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Að auki geymir skýrsla stjórnar glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Stjórn Happprætti Háskóla Íslands og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með áritun sinni.

Reykjavík, 24. mars 2022



Eyvindur G. Gunnarsson
stjórnarformaður



Jenný Bára Jensdóttir
meðstjórmaði



Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir
meðstjórmaði



Bryndís Hrafnkelsdóttir
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hapdrættis Háskóla Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hapdrættis Háskóla Íslands fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og forstjóra
 - Rekstrarreikning ársins 2021
 - Efnahagsreikning 31. desember 2021
 - Sjóðstreymi ársins 2021
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar
- Skýrsla stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óháði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og forstjóra sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álitum okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 24. mars 2022

PricewaterhouseCoopers ehf.

Atli Þór Jóhannsson
lögilltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Hreinar happdrættistekjur	3	2.714.141.736	2.144.214.996
Rekstur happdrættis		<u>(784.019.633)</u>	<u>(603.008.195)</u>
Hrein velta		1.930.122.103	1.541.206.801
Aðrar tekjur	4	23.131.184	7.824.449
Laun og launatengd gjöld	5	(250.482.999)	(230.854.245)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	15	(45.757.552)	(62.067.945)
Annar rekstrarkostnaður		(231.676.112)	(246.040.580)
Leyfisgjald	6	(150.000.000)	(150.000.000)
Afskriftir	8	<u>(93.215.337)</u>	<u>(86.441.784)</u>
Rekstrarhagnaður		1.182.121.287	773.626.696
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur	7	197.814.832	230.387.762
Afkoma af rekstri hlutdeildarfélaganna	9	26.817.719	21.779.969
Hagnaður ársins		<u>1.406.753.838</u>	<u>1.025.794.427</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	2021	2020
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir:			
Fasteignir og lóðir		86.600.541	89.211.161
Áhöld, tæki og innréttingar		347.614.592	398.573.593
Bifreiðar		9.364.324	10.516.453
	8	<u>443.579.457</u>	<u>498.301.207</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í dótturfélagi	9	594.908.341	568.090.622
Fastafjármunir samtals		1.038.487.798	1.066.391.829
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	229.770.713	151.921.684
Aðrar skammtímakröfur	11	44.335.835	27.465.821
Markaðsverðbréf	12	3.564.616.602	2.986.719.285
Handbært fé	13	418.566.795	475.545.572
		<u>4.257.289.945</u>	<u>3.641.652.362</u>
Eignir samtals		<u>5.295.777.743</u>	<u>4.708.044.191</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll		4.437.612.505	3.980.858.669
Ráðstafað til Háskóla Íslands		(940.000.000)	(950.000.000)
	14	<u>3.497.612.505</u>	<u>3.030.858.669</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Lífeyrisskuldbinding	15	<u>663.243.228</u>	<u>654.524.397</u>
		663.243.228	654.524.397
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		99.749.269	28.260.387
Ógreiddir vinningar		76.663.163	97.237.088
Ríkissjóður vegna leyfisgjalds	6	150.000.000	150.000.000
Skuld við Háskóla Íslands	16	700.000.000	700.000.000
Aðrar skammtímaskuldir		108.509.578	47.163.650
		<u>1.134.922.010</u>	<u>1.022.661.125</u>
Skuldir samtals		1.798.165.238	1.677.185.522
Eigið fé og skuldir samtals		<u>5.295.777.743</u>	<u>4.708.044.191</u>
Viðskipti við tengda aðila	16		
Aðrar upplýsingar	17		

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrarhagnaður		1.182.121.287	773.626.696
Afskriftir	8	93.215.337	86.441.784
Söluhagnaður fastafjármuna		(1.104.884)	(767.505)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	15	8.718.831	29.073.837
		<u>1.282.950.571</u>	<u>888.374.812</u>
Breyting rekstrartengda eigna og skulda:			
Veltufjármunir		(94.719.045)	(131.746.312)
Skammtímaskuldir		112.260.885	(114.859.877)
		<u>17.541.840</u>	<u>(246.606.189)</u>
Innborgaðir vextir		197.814.832	230.387.762
Handbært fé frá rekstri		1.498.307.243	872.156.385
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	8	(42.064.463)	(71.614.806)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		4.675.760	810.100
Viðskipti með markaðsverðbréf		<u>(577.897.317)</u>	<u>(864.445.888)</u>
		(615.286.020)	(935.250.594)
Fjármögnunarhreyfingar			
Ráðstafað til Háskóla Íslands	14	<u>(940.000.000)</u>	<u>(650.000.000)</u>
		(940.000.000)	(650.000.000)
Breyting handbærs fjár á árinu		(56.978.777)	(713.094.209)
Handbært fé í ársbyrjun		475.545.572	1.188.639.781
Handbært fé í árslok	13	<u>418.566.795</u>	<u>475.545.572</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

HHÍ hefur starfað í hátt nær 90 ár og hefur allan þann tíma notið velvildar þjóðarinnar. Skilgreint hlutverk HHÍ er að veita fólki upplifun og afþreyingu sem felur í sér von um fjárhagslegan vinning. HHÍ gerir það með ábyrgum hætti í sátt við

Happdrætti Háskóla Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið áður. Ársreikningurinn er lagður fram miðað við áframhaldandi starfsemi. Samhliða ársreikningi félagsins er lagður fram samstæðuársreikningur HHÍ og dótturfélagsins Húseignin Steindórsprent ehf.

Happdrættið flokkast sem meðalstórt félag í skilningi laga um ársreikninga.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Innlausn tekna

Happdrættið rekur þrjú happdrættisform og eru þau eftirfarandi:

Flokkahappdrætti

Flokkahappdrætti byggist á því að gefnir eru út miðar í 12 flokkum, einum fyrir hvern mánuð ársins. Þátttakendur greiða endurnýjunarverð fyrir hvern flokk. Vinningar í happdrættinu eru dregnir út í aðalútdrætti og milljónaútdrætti þar sem upphæð vinninga er föst og fjöldi þeirra fyrirfram ákvarðaður í vinningaskrá. Áætlað vinningshlutfall er 70% af tekjum.

Tekjufærsla af flokkahappdrætti eru innleystar við sölu eða endurnýjun á miðum í hverjum mánuði og vinningar eru gjaldfærðir sem hafa fallið á gilda miða í hverjum útdrætti.

Skafmiðahappdrætti

Skafmiðahappdrætti (Happaþrenna) virkar þannig að vinningur kemur strax í ljós, ef um hann er að ræða, þegar búið er að skafa hulið svæði af miðanum. Vinningshlutfall skafmiðahappdrættis er á bilinu 60-65%.

Tekjufærsla af skafmiðahappdrætti er færð miðað við selda miða hjá umboðssölum hverju sinni og vinningar eru gjaldfærðir í samræmi við áætlaða vinninga hverju sinni út frá vinningshlutfalli þeirra. Ógreiddir vinningar eru því metnir út frá vinningshlutfalli en hins vegar má búast við því að hluti þessara vinninga verði aldrei innleystur.

Skjávélahappdrætti

Skjávélahappdrætti (Gullnáman) virkar þannig að vinningur kemur strax í ljós, ef um hann er að ræða, þegar spilað er. Happdrættisformin eru tvö, Gullnáman sem eru samtengdar vélar með gullpotti og Gullregn sem eru ósamtengdar vélar. Stakir vinningar eru frá 10 krónum og geta farið allt upp í 1 milljón króna. Gullpottur er að lágmarki 1 milljón króna og fer hæst í 17 milljónir króna. Vinningshlutfall í skjávélahappdrættinu er 92%.

Tekjufærsla af skjávélahappdrætti er færð miðað við innborganir hverju sinni um leið og spilað er í vélunum og vinningar eru gjaldfærðir í samræmi við raunverulega áfallna og greiddra vinninga hverju sinni.

4. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur samanstanda af húsaleigu, afskrifuðum vinningum og öðrum tilfallandi tekjum.

Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2021	2020
Laun	206.087.936	189.830.824
Mótframlag í lífeyrissjóð	27.441.476	24.937.574
Launatengd gjöld	16.953.587	16.085.847
	<u>250.482.999</u>	<u>230.854.245</u>

Fjöldi ársverka á árinu 2021 voru 16 (2020: 18).

Heildarlaun, þóknanir og ágóðahluti stjórnenda greinist þannig:

Forstjóri	22.804.540	22.502.018
Stjórnarlaun	4.097.628	3.960.345
	<u>26.902.168</u>	<u>26.462.363</u>

6. Leyfisgjald

Samkvæmt lögum skal greiða 20% af nettó ársarði af happdrættisstarfsemi í rikissjóð. Við útreikning á leyfisgjaldi er undanskilinn rekstur á bílastæði á lóð happdrættisins, vaxtatekjur o.fl. Hámark leyfisgjalds er þó 150 milljónir króna á

Á árinu 2021 nam leyfisgjaldið 150 milljónum króna sama og árið áður.

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur og verðbætur	195.538.278	229.135.478
Arðstekjur	2.276.554	1.252.284
	<u>197.814.832</u>	<u>230.387.762</u>

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2022. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Fjármagnstekjuskattur er færður til lækkunar á vaxtatekjum.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Skýringar

8. Efnislegar eignir

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Árslok 2020:				
Bókfært verð í ársbyrjun	91.115.782	413.023.072	9.031.926	513.170.780
Viðbót ársins	255.489	67.018.067	4.341.250	71.614.806
Seldar eða niðurlagðar eignir	0	0	(42.595)	(42.595)
Afskriftir	(2.160.110)	(81.467.546)	(2.814.128)	(86.441.784)
Bókfært verð í árslok	89.211.161	398.573.593	10.516.453	498.301.207
Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	119.099.208	598.775.985	22.057.811	739.933.004
Uppsafnaðar afskriftir	(29.888.047)	(200.202.392)	(11.541.358)	(241.631.797)
Bókfært verð í árslok	89.211.161	398.573.593	10.516.453	498.301.207
Árslok 2021:				
Bókfært verð í ársbyrjun	89.211.161	398.573.593	10.516.453	498.301.207
Viðbót ársins	0	35.690.463	6.374.000	42.064.463
Seldar eða niðurlagðar eignir	0	0	(3.570.876)	(3.570.876)
Afskriftir	(2.610.620)	(86.649.464)	(3.955.253)	(93.215.337)
Bókfært verð í árslok	86.600.541	347.614.592	9.364.324	443.579.457
Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	119.099.208	634.466.448	19.728.961	773.294.617
Uppsafnaðar afskriftir	(32.498.667)	(286.851.856)	(10.364.637)	(329.715.160)
Bókfært verð í árslok	86.600.541	347.614.592	9.364.324	443.579.457
Afskriftarhlutföll	0-3%	15-33%	15%	

Efnislegar eignir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs. Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteignir félagsins í árslok 2021 voru eftirtaldar:

	Fasteigna- mat, hús	Fasteigna- mat, lóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Fasteign og lóð - Bíldshöfði 16	78.650.000	18.550.000	130.000.000	45.550.541
Lóð - Tjarnargata 8	0	56.250.000	0	41.050.000
	78.650.000	74.800.000	130.000.000	86.600.541

Áhöld, tæki og innréttingar eru váttryggð fyrir 866 m.kr.

Veðsetningar

Á fasteignum félagsins hvíla engin veð.

Skýringar

9. Eignarhlutir í dótturfélagi

Eignarhlutir í dótturfélagi er 100% eignarhlutur í Húseigninni Steindórsprent ehf. Nafnverð hlutarins er 12 milljónir króna og meginstarfsemi félagsins er fasteignarekstur.

Eignarhlutur í dótturfélagi greinist þannig:	2021	2020
Bókfært verð í ársbyrjun	568.090.622	546.310.653
Hlutdeild í afkomu	26.817.719	21.779.969
Bókfært verð í árslok	594.908.341	568.090.622

Af bókfærðu verði í árslok 2021 eru 283 milljónir króna sem er ekki afskrifað þar sem um er að ræða yfirverð við kaup á dótturfélaginu sem útteilt var á lóð félagsins og er þar af leiðandi ekki afskrifað.

Eignarhlutir í dótturfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi dótturfélaga eftir kaup færð í rekstrarreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í dótturfélögum. Dótturfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 50 og 100% eignarhlut eða hefur bein yfirráð yfir félögunum. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og dótturfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er yfirverð. Hætt er að taka tillit til hlutdeilda í tapi dótturfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað dótturfélaginu.

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2021	2020
Viðskiptakröfur	16.988.312	18.466.484
Kröfur vegna greiðslukorta	214.282.401	134.955.200
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(1.500.000)	(1.500.000)
	229.770.713	151.921.684

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

11. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2021	2020
Birgðir af Happaprennum	16.660.531	20.054.860
Fyrirframgreiddur kostnaður	15.418.179	150.000
Virðisaukaskattur	12.257.125	7.260.961
	44.335.835	27.465.821

Aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði. Birgðir af Happaprennum eru færðar á kostnaðarverði útgáfu þeirra.

Skýringar

12. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf greinast þannig:	2021	2020
Ríkistryggð skuldabréf Íslenskra verðbréfa hf.	854.771.536	689.531.455
Innlend hlutabréf og skuldabréf	1.799.995.430	1.540.466.283
Lausafjár sjóður Arion banka	36.027.177	35.703.586
Önnur skuldabréf Íslenskra verðbréfa hf. og hlutabréf	542.042.214	448.380.760
Erlend hlutabréf og skuldabréf	355.957.315	307.251.661
Áætlaður fjármagnstekjuskattur	(24.177.070)	(34.614.460)
	<u>3.564.616.602</u>	<u>2.986.719.285</u>

Markaðsverðbréf er verðbréfaeign félagsins á hverjum tíma. Kaup og sala fjárfestinga er færð á viðskiptadegi - þann dag sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í rekstrarreikning er þó gjaldfærður. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða félagið hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds. Gangvirði markaðsverðbréfa er samkvæmt útgefnu markaðsgengi hverju sinni.

13. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	2021	2020
Bankainnstæður í íslenskum krónum	362.895.821	472.567.199
Sjóðir í Gullnámuvelum, áfallin sala	53.325.000	0
Sjóðir	2.345.974	2.978.373
	<u>418.566.795</u>	<u>475.545.572</u>

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

14. Eigið fé

Hlutafé

Happdrættið er ríkisstofnun og ber því ekki hlutafé.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Höfuðstóll
Hreyfingar 2020:	
Staða í ársbyrjun	2.955.064.242
Hagnaður ársins	1.025.794.427
Framlög og greiðslur til Háskóla Íslands	(950.000.000)
Staða í árslok	<u>3.030.858.669</u>
Hreyfingar 2021:	
Staða í ársbyrjun	3.030.858.669
Hagnaður ársins	1.406.753.838
Framlög og greiðslur til Háskóla Íslands	(940.000.000)
Staða í árslok	<u>3.497.612.505</u>

Skýringar

15. Lífeyrisskuldbinding

Til skuldar er færð áætluð hlutdeild HHÍ í eftirlaunaskuldbindingu vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna HHÍ sem voru og eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR). Til skuldar í ársreikningi HHÍ er um 100% af heildar skuldbindingum vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna. Þar sem LSR mun ekki geta staðið við þessar skuldbindingar þá lendir það á viðkomandi B hluta ríkisfyrirtækjum og ríkinu sjálfu að standa við skuldbindingarnar. Því er þessi skuldbinding færð upp í bókum HHÍ. Óvissa er hverjar heildargreiðslur HHÍ verða vegna þessa en líklegt er að þær verði á endanum lægri en uppfærð skuldbinding. Óski HHÍ eftir að greiða upp skuldbindinguna þá kæmu 663 milljónir króna til greiðslu.

Eftirlaunaskuldbinding sem hvílir á happdrættinu greinist þannig:	2021	2020
Fyrrverandi starfsmenn með verðtryggð réttindi	52.167.369	45.252.702
Fyrrverandi starfsmenn með óverðtryggð réttindi	686.793	636.301
Lífeyrisþegar	<u>605.451.772</u>	<u>603.763.003</u>
	658.305.934	649.652.006
Áætlaður kostnaður	<u>4.937.294</u>	<u>4.872.391</u>
	663.243.228	654.524.397
Reiknuð hlutdeild HHÍ í skuldbindingunni 100%	663.243.228	654.524.397
Áhrif skuldbindingarinnar á rekstur HHÍ er færður í rekstrarreikning og greinist þannig:		
Greiðslur til lífeyrissjóðs	37.038.721	32.994.108
Reiknuð breyting á eftirlaunaskuldbindingu	<u>8.718.831</u>	<u>29.073.837</u>
	45.757.552	62.067.945

16. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2021	2020
Húsaleiga til Húseignarinnar Steindórsprent ehf.	20.384.978	19.562.217
Félagið er með ótímabundinn leigusamning við Húseignina Steindórsprent ehf. Húsleigusamningurinn er verðtryggður og uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.		
Skuld við Háskóla Íslands	700.000.000	700.000.000

Meðal skulda er ógreitt framlag til Háskóla Íslands vegna framkvæmda við Hús íslenskra fræða samtals 400 m.kr. auk 300 m.kr. sem er ógreitt frá árinu 2020.

Skýringar

17. Aðrar upplýsingar

Tekjuskattur

Happdrætti Háskóla Íslands er undanþegið greiðslu tekjuskatts.

Leigusamningur

Félagið er með leigusamning við dótturfélag sitt Húsfélagið Steindórsprent ehf. til að leigja fasteignina Tjarnargötu 8 í Reykjavík. Leigan er vísitölutengd og er með 12 mánaða uppsagnarfresti. Í rekstrarreikningi er gjaldfært 20 m.kr. og verður greiðslufjáði næstu 5 ára með sama hætti að viðbættri vísitölu.

Þóknun endurskoðanda

Þóknun endurskoðanda skiptist þannig:	2021	2020
Þóknun vegna endurskoðunar	2.745.735	4.114.047
Þóknun vegna annarrar vinnu	1.148.300	669.200
	<u>3.894.035</u>	<u>4.783.247</u>